



Reykjavík í september 2007

Ágæti sjóðfélagi!

Fyrri ársþelmingur 2007 einkenndist af verulegum hækkunum á innlendum hlutabréfa-markaði. Þannig hækkaði innlent hlutabréfasafn Lífeyrissjóðsins um 31,7% á tímabilinu en til samanburðar hækkaði Úrvalsvísitala Kauphallarinnar um 29,5%. Þessi þróun átti mestan þátt í að skila sjóðnum 8,8% nafnávöxtun sem samsvarar 6,3% raunávöxtun á fyrri hluta ársins. Ólíklegt verður að telja að fjármunatekjur hlutabréfa verði jafn miklar á síðari þelmingi ársins og hinum fyrri. Eignir sjóðsins hækkuðu um 26 milljarða og námu 266 milljörðum í lok júní sl. samanborið við 240 milljarða í upphafi árs.

Meginþættir úr starfsemi á fyrri ársþelmingi 2007

Sjóðfélögum fjölgaði um 4,4% á fyrstu 6 mánuðum ársins miðað við sama tímabil á fyrri ári og greiddu að meðaltali rúmlega 32 þúsund sjóðfélagar iðgjald til sjóðsins.

Iðgjaldagreiðslur námu 7.009 milljónum á fyrstu 6 mánuðum ársins sem er hækkun um 22,4% miðað við sama tímabil á fyrri ári.

Lífeyrisgreiðslur námu 2.012 milljónum til 7.915 lífeyrisþega á fyrri ársþelmingi og hefur lífeyrisþegum fjölgað um 4,8% og heildarfjárhæð lífeyris hækkað um 22,3% miðað við sama tímabil á fyrri ári. Útgreiddur lífeyrir skiptist með eftirfarandi hætti: Ellilífeyrir 61%, örorkulífeyrir 27%, makalífeyrir 10% og barnalífeyrir 2%.

Séreignardeildin: Eignir hækkuðu um 13% á fyrri ársþelmingi eða úr 5,6 milljörðum í 6,3 milljarða. Innborganir námu 281 milljón og útgreiðslur 61 milljón á fyrstu 6 mánuðum ársins.

Lánveitingar til sjóðfélaga námu 1.900 milljónum á fyrstu 6 mánuðum ársins en 3.370 milljónum á sama tímabili 2006.

Fjárfestingar námu 23,8 milljörðum á fyrri ársþelmingi. Þar af námu fjárfestingar í skuldabréfum 11,4 milljörðum og í erlendum verðbréfum 1,5 milljarði. Fjárfestingar í innlendum hlutabréfum umfram sölu námu 1,9 milljarði.

Innlenda hlutabréfasafnið hækkaði á fyrri þelmingi ársins um 31,7%. Á sama tíma hækkaði Úrvalsvísitala Kauphallarinnar um 29,5%. Árleg raunávöxtun innlendu hlutabréfaeignarinnar er 22,0% yfir rúmlega 28 ára tímabil, þ.e. frá ársbyrjun 1980 til miðs árs 2007.

Nafnávöxtun á fyrri ársþelmingi var 8,8% sem samsvarar 6,3% raunávöxtun og veldur þar mestu góð afkoma innlendar hlutabréfaeignar sjóðsins. Frá miðju ári hefur ávöxtunin lækkað lítillega í kjölfar lækkana á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum en á móti kemur hækkun erlendra gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni.

Verðbréfasafn sjóðsins í lok júní sl. skiptist í skuldabréf 41,1%, innlend hlutabréf 29,1% og erlend verðbréf 29,8%.

framhald á bakhlið

Ársfundur 2007

Ársfundur sjóðsins var haldinn 16. apríl sl. á Grand Hótel. Á fundinum flutti formaður sjóðsins skýrslu stjórnar um starfsemi á liðnu ári og forstjóri gerði grein fyrir ársreikningi fyrir árið 2006, tryggingafræðilegri athugun og fjárfestingastefnu sjóðsins fyrir árið 2007.

Þá var greint frá því að eftirtaldir hafi verið tilnefndir í stjórn af aðildarsamtökum sjóðsins fyrir kjörtímabilið 1. mars 2007 til 28. febrúar 2010: Gunnar P. Pálsson, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir og Benedikt Vilhjálmsson öll kjörin af VR, Benedikt Kristjánsson tilnefndur af Kaupmannasamtökum Íslands, Margrét Kristmannsdóttir tilnefnd af Félagi íslenskra stórkaupmanna, Hrund Rudolfsdóttir tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins að fengnu álit Viðskiptaráðs Íslands og Helgi Magnússon tilnefndur af Samtökum iðnaðarins að fengnu álit Samtaka atvinnulífsins.

Stjórnin skipti með sér verkum á fyrsta fundi stjórnar í mars sl. þannig að Gunnar P. Pálsson var kjörinn formaður og Helgi Magnússon varaformaður.

Nálgast má fundargerð ársfundar og ársskýrslu á heimasíðu sjóðsins www.live.is.

Sjóðfélagavefur

Sjóðfélagar hafa um nokkurt skeið haft beinan aðgang að upplýsingum um lífeyrisréttindi sín á sjóðfélagavef á heimasíðu sjóðsins www.live.is.

Efst á sjóðfélagayfirlitinu er **notandanafn og lykilorð** sem þú getur notað til að tengjast sjóðfélagavefnum og kynnt þér réttindi þín.

Yfirlit yfir móttekin iðgjöld

Yfirlit eru send sjóðfélögum tvisvar á ári, í mars og september, og sýna þau iðgjöld sem borist hafa sjóðnum frá því síðasta yfirlit var sent. Einnig koma fram þau réttindi sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér.

Mikilvægt er að fylgjast með því að iðgjöldin sem fram koma á yfirlitinu séu í samræmi við launaseðla, því verði vanskil á greiðslum iðgjalda í lífeyrissjóð geta dýrmæt lífeyrisréttindi glatast.

Ekki er óeðlilegt að greiðslur fyrir mánuðina maí og júní 2007 vanti á yfirlitið. Vanti frekari greiðslur eða hafir þú einhverjar athugasemdir, hafðu þá samband við viðkomandi fyrirtæki og/eða innheimtudeild sjóðsins hið allra fyrsta.

Með kveðju

Þorgeir Eyjólfsson forstjóri



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA